

um frv. til laga um söluskatt.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd varð ekki sammála um þetta frv., og varð ég ásamt Skúla Guðmundssyni, 1. þm. Vestur-Norðlendinga, í minni hluta gegn frv. og gef hér út nefndarálit sem 2. minni hluti.

Í nefndaráliti flokksbróður míns í Ed., Björns Jónssonar, 2. minni hl. fjárhagsnefndar þar, var gerð svo skýr grein sérstaklega fyrir hinum fjármálalegu hliðum þessa máls, að ekki gerist þörf að endurtaka neitt af því. Ég mun því einbeita mér að tveim mikilvægum atriðum þessa frv.

1. Þetta frv. og sá söluskattur, sem með því er lagður á almenning, er ósvíf-asta og ranglátasta árás, sem gerð hefur verið með slíkri skattlagningu um ára- tuga skeið.

Ber þar tvennt til:

Annars vegar er nú lagt á allar hinar brýnustu lífsnauðsynjar daglegs lífs, sem aldrei áður hafa verið tollaðar í manna minnum, fisk og kjöt og hvers konar fæði og skæði og annað, er maðurinn þarfnast til lífs síns.

Og í öðru lagi er þetta allt lagt á almenning bótaalaust. Hingað til hefur — í 20 ár — alþýða manna fengið það upp bætt að miklu leyti með sjálfkrafa vísitöluhækkun á kaupgjaldi, ef lagður hefur verið söluskattur eða aðrar álögur á lífsnauðsynjar hennar. Og hafi verið um að ræða álögur á brýnustu lífsnauðsynjar alþýðu manna, fisk og kjöt og brauð og annað, sem þyngst vó í hinni gömlu vísitölu, er miðaðist við nauðpurftir manna 1939, þá fékk einmitt hinn fátækasti hluti almennings, sá, er sízt mátti við álögum, að fullu bættan skaðann í sjálfkrafa kauphækkun.

Vísitala á kaupgjald var því hið þarfasta aðhald að yfirstétt og valdhöfum þessa lands um að varast hækkunir á þessum lífsnauðsynjum. Valdhafarnir fengu þá slíkar aðgerðir aftur í höfuðið og urðu því að hyggja á önnur ráð, ef þeir vildu ekki beinlínis skipuleggja verðbólgu, sem þeir að visu oftast kusu að gera.

Þær álögur á almenning, sem í þessum söluskatti felast, koma hins vegar algerlega bótaalaust niður á alþýðu manna og þyngst á þeim, sem bágast eiga, fyrst búið er að afnema vísitölu á kaupgjald með ákvæðum gengislækkunarlaganna Sjálfstæðis- flokksins og Alþýðuflokksins, sem rufu samninga verkamanna og atvinnurekenda. Það kemur því nú þegar í ljós, að afturhald landsins gengur á lagið, strax og það er búið að brjóta niður þann varnarvegg gegn dýrtíðinni, er vísitalan var almenningi, og leggur nú miskunnarlaust álögur á allar lífsnauðsynjar og skeytir engu, þótt þyngst komi niður þar, sem sízt skyldi.

Vegna þeirrar beinu og hatrömmu lífskjaraskerðingar, sem í þessu frv. felst og gerir það ólíkt öllum öðrum fyrri lögum um söluskatt og aðrar álögur, af því að aðstæður eru nú breyttar sökum afnáms vísitölu á kaup, þá ber að fella þetta frv.

2. En í öðru lagi er auðheyrt á þeim yfirlýsingum, sem fjármálaráðherra gaf við 1. umræðu þessa máls í Nd., að álagning þessa söluskatts er beinlínis upptaka nýrrar stefnu í fjármálum, sem tilkomin er undir erlendum áhrifum og á að framkvæmast með sérstakt takmark fyrir augum.

Fjármálaráðherra lýsti yfir því, að stefna yrði að því að innlima Ísland í eitt- hvert fríverzlunarsvæði Vestur-Evrópu, hann var óviss í hvert þeirra, meðan ekki væru þau sameinuð, en í innlimunarstefnunni sjálfri var hann ákveðinn.

Fjármálaráðherra lýsti enn fremur yfir því, að þar sem stefnt væri að slíkri innlimun, þá gæti fjáröflun ríkisins ekki gerzt í eins ríki mæli og hingað til með tollum á aðflutta vöru, sem vér Íslendingar hingað til höfum getað notað til þess að leggja hærri tolla á miður nauðsynlegan varning og hlíf þannig alþýðu manna við álögum á lífsnauðsynjar. En auðvitað hafa slíkir tollar á aðfluttar vörur haft

sömu áhrif og verndartollar fyrir íslenzkan iðnað, en stefnan hjá auðvaldi Vesturlanda er nú að brjóta niður alla slíka tolla smátt og smátt til þess að sameina mörg lönd í eitt fríverzlunarsvæði með niðurrifnum tollmúrum. En í staðinn er ætlun þessa auðvalds að koma á almennum söluskatti eins og þeim, sem hér er lagt til, í öllum skattlöndum auðjöfranna.

Og þessa stefnu vestræns auðvalds áleit fjármálaráðherra að taka skyldi upp hér til þess að gera Ísland hæft til innlimunar í „fríverzlunarsvæði“, sem í rauninni yrði hinn tilvaldi vettvangur völdugra auðhringa til þess að brjóta niður allan sjálfstæðan iðnað hinna smáu þjóðlanda. En með því yrði raunverulega atvinnulíf sjálfstæðra landa eins og Íslands lagt undir alræði slíkra völdugra auðjöfra og lífsafkoma vor gerð leiksoppur í hendi þeirra.

Það er því ótvírætt, að í álagningu þessa söluskatts nú felst, ólíkt því, sem áður var um slíkar álögur, sérstök stefna, sem beinist að afnámi efnahagslegs sjálfstæðis Íslands. En það hefur verið einn höfuðtilgangur allrar þjóðfrelsisbaráttu vorrar að skapa þjóð vorri slíkt efnahagslegt sjálfstæði, sökum þess að það er grundvöllur pólitísku sjálfstæðis vors. Með stefnu þeirri, sem upp er tekin með álagningu þessa söluskatts, er því beinlínis höggvið að rötum sjálfstæðis Íslands, því að ekki mun það neinum efa bundið, að í yfirlýsingu fjármálaráðherra um hið sérstaka, annarlega tilefni þessa söluskatts fylgir hugur máli.

Þá lýsti fjármálaráðherra og yfir því, að stefna skyldi að því að draga úr beinum sköttum. En þeir hafa hingað til þótt skatta réttlátastir, ef þeir hafa fyrst og fremst og helst einvörðungu verið lagðir á gróða og háar tekjur auðfélaga og einstaklinga.

Það er og vitað, að háir, beinir skattar af þessu tagi hafa verið útlendum auðmönnum þyrnir í auga og bægt þeim frá því að reyna að beina fjármagni sínu til Íslands til þess að ná tókum á íslenzku atvinnulífi og fá aðstöðu til að arðræna þjóð vora.

Samkvæmt yfirlýsingu ráðherra við álagningu þessa söluskatts og stefnu þeirri, sem með honum er mörkuð, er því beinlínis verið að undirbúa það að draga lokur frá hurðum íslenzks þjóðarbús og hleypa erlendum auðhringum inn í landið, en granda efnahagslegu sjálfstæði Íslands.

Það er ljóst af því, hvernig þessu frv. var fylgt úr garði af fjármálaráðherra, að með því á að taka upp þá stefnu að gera söluskatt — jafnan, þungan nefskatt á vörur, einnig brýnustu lífsnauðsynjar — að höfuðstefnu um fjáröflun, en hverfa meir og meir brott frá beinum sköttum og lúxustollum eða álögum af því tagi, sem almenningi yrði eigi eins þungbært.

Verði ei á að ósi stemmd, þá mun því söluskattur, ranglátur nefskattur, almenningi þungbær, en auðvaldi hentugur, meir og meir ryðja sér til rúms og skerða lífskjör alþýðu, meðan hún ekki hefst að með almennum mótaðgerðum.

Það er því jafnt frá hagsmunasjónarmiði íslenzkrar alþýðu sem frá sjónarmiði efnahagslegs sjálfstæðis Íslands nauðsynlegt að fella þetta frv. Sú þjóð, sem á uppruna sinn að þakka andspyrnu frjálsra manna gegn álögum ágengrar yfirstéttar, á ekki að láta véla sig undir sþyngdar álögur á alþýðu, innlendu og erlendu auðvaldi til framdráttar, né láta grafa undan efnahagslegu sjálfstæði sínu og innlima sig í valdakerfi völdugra erlendra auðjöfra.

Ég legg því til, að frv. þetta verði fellt.

Alþingi, 21. marz 1960.

Einar Olgeirsson.